



SPURNINGASAFNIÐ (HEIMSPEKILEIKUR)

Aldur nemenda: 6 ára og eldri

Viðfangsefni: upphitun fyrir samræðu, að kunna að meta spurningar og nota þær til að hefja samræðu

Færnimarkmið:

Prep 1: Segir skoðun sína, rökstyður skoðun sína, spyr heimspekilegra spurninga.

Viðhorfamarkmið:

Prep 1: Sýnir forvitni, þorir að segja skoðun sína.

Prep 2: Sýnir vilja til að rannsaka ágreining, hefur hugrekki til að setja fram sjálfstæða skoðun og spurningu, viðurkennir eigin vanþekkingu.

Efni og áhöld: Gott gólfrymi, miðar með spurningum sem kennari dreifir um stofuna

Tími/umfang: 5-15 mínútur

KENNSLULEIÐBEININGAR

Þetta verkefni er gott til að hrista nemendur saman þegar þeir eru að kynnast. Verkefnið venur nemendur á að velja sér þær spurningar sem þeim þykja athyglisverðar. Kennari getur valið spurningarnar sem hann notar í æfingunni þannig að þær þjóni sem inngangur að frekari samræðu bekkjarins.

LÝSING Á VINNU:

- Kennari þarf að undirbúa þennan heimspekileik með því búa til spurningasafn á A4 blöðum, ein spurning á hverju blaði. Plastið ef þið viljið nota sama leikinn oft en einu sinni.
- Kennari dreifir nokkrum spurningum um stofuna.
- Nemendur fá fyrirmæli: „Veljið þá spurningu sem ykkur finnst áhugaverðust og farið og standið hjá henni. Hugið ykkur vel um hvernig þið viljið svara spurningunni og hvaða rök þið færið fyrir máli ykkar. Ræðið spurninguna og svörin ykkar við þá sem velja sömu spurningu og þið.“
- Samræða getur hafist í hópunum sem myndast. Nemendur sem hafa áhuga á að takast á við erfiðar spurningar geta fengið gott tækifæri til þess í þessum leik án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því hvað meirihluti bekkjarins vill helst ræða.
- Spurningasafninu má ljúka með því að biðja nemendur um að semja nýja spurningu og skrifa hana aftan á þá spurningu sem þeir völdu að ræða í leiknum.

DÆMASAFN – SPURNINGAR:

Spurningar má finna hvar sem er. Kennari getur samið þær sjálfur, fengið þær hjá nemendum eða fundið þær í heimspekikennsluefni. Kennsluleiðbeiningar með námsefni eftir Matthew Lipman eru stútfullar af góðum spurningum, sjá t.d. í Lipman, M., Sharp, A.M. og Oscanyan, F.S. (1993). *Heimspekiæfingar: kennsluleiðbeiningar með uppgötvun Ara*. (Þýð. Hreinn Pálsson). Reykjavík: Heimspekiskólinn.

Hér eru líka nokkur dæmi um spurningar sem hægt er að nota:

- | | |
|---|--|
| • Hvort er betra að vera barn eða fullorðinn? | • Er í lagi að ljúga? |
| • Hvort er betra að vera maður eða mús? | • Er hægt að hugsa ekki neitt? |
| • Hvort er betra að vera ríkur eða fátækur? | • Er eitt sandkorn hrúga? En tvö sandkorn? |
| • Hvort er betra að vanta fótlegg eða handlegg? | • Hvað þarf mörg sandkorn til að komin sé hrúga? |
| • Hvort er betra að sofa eða vaka? | • Hvað er list? |
| • Hvort er betra að kenna eða læra? | • Hvernig veit maður eitthvað? |
| | • Hvað er góður vinur |

MEIRA Á HEIMSPEKITORGINU

- [Heimspekileikir - inngangur](#)
- [Heimspekileikur: Hrærigrautur heimspekingsins](#)
- [Heimspekileikur: Að kjósa með fótunum](#)
- [Heimspekileikur: Hugtakaskali](#)